


# Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði

Skýrsla til iðnaðar- og viðskiptaráðherra



Október

2015



# **Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði**

**Skýrsla til iðnaðar- og viðskiptaráðherra**

**Orkustofnun**

**Október**

**2015**

Útgefandi:  
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík  
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896  
Tölvupóstur: os@os.is  
**Heimasíða:** <http://www.os.is/>  
Hönnun og uppsetning: Orkustofnun

Ritstjórn:  
Benedikt Guðmundsson

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar  
OS-2015-01  
ISBN 978-9979-68-350-6  
Efni skýrslunnar má nota, en krafist er þessa að heimildar sé getið.

Október 2015


# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>2. NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2014</b> .....	<b>5</b>
2.1. ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR .....	5
2.2. NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA EINKARAFSTÖÐVA .....	6
2.3. EINGREIÐSLUR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR.....	6
2.4. JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM .....	6
2.5. ORKUSPARNAÐARÁTAK .....	6
2.6. REKSTUR - UMSJÓN OG EFTIRLIT MEÐ NIÐURGREIÐSLU Á HÚSHITUNARKOSTNAÐI .....	7
2.7. NIÐURSTAÐA ÁRSINS 2014 .....	7
<b>3. ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2015</b> .....	<b>7</b>
3.1. ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR .....	7
3.2. BEINAR NIÐURGREIÐSLUR TIL DREIFIVEITNA.....	7
3.3. NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG HEIMARAFSTÖÐVUM.....	8
3.4. EINGREIÐSLUR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR.....	8
3.5. JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM .....	8
3.6. ORKUSPARNAÐARÁTAK .....	8
3.7. REKSTUR - UMSJÓN OG EFTIRLIT MEÐ NIÐURGREIÐSLU Á HÚSHITUNARKOSTNAÐI .....	9
3.8. ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2015.....	9
<b>4. FRUMDRÖG AÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2016</b> .....	<b>10</b>
4.1. ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR Í ÞÉTTBÝLI.....	10
4.2. NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG HEIMARAFSTÖÐVUM.....	10
4.3. EINGREIÐSLUR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÖFLUNAR.....	11
4.4. JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM .....	11
4.5. ORKUSPARNAÐARÁTAK .....	11
4.6. REKSTUR ORKUSTOFNUNAR.....	11

# 1. Inngangur

Raforka til húshitunar hefur verið niðurgreidd af opinberu fé frá árinu 1983. Orkustofnun er, samkvæmt lögum nr. 78 frá 2002, falið að hafa umsjón með málaflokknum og skila árlega skýrslu til iðnaðarráðherra. Þar á að koma fram ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár. Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða. Þar er einnig að finna upplýsingur um sérstakar aðgerðir með sama markmiði, þ.e. niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva, eingreiðslur vegna aðgerða til orkusparandi framkvæmda s.s. smávirkjana, varmadæla og jarðhitaleitar á köldum svæðum.

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Samtals hefur verið varið úr ríkissjóði tæpum 38 milljörðum króna á núvirði til lækkunar á húshitunarkostnaði þeirra íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu.



Mynd 1: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1982-2014 á verðlagi hvers árs og m.v. meðalvísitölu neysluverðs um mitt ár 2015

Skýrslan er gerð í október 2015, áður en fjárlög ársins 2015 hafa verið samþykkt af Alþingi og verður því áætlun ársins 2016 byggð á því sem fram kemur í frumvarpinu og verður endurskoðuð lok desember 2015.

## 2. Niðurgreiðslur ársins 2014

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2014 nam fjárveiting til fjárlagaliðar 11-373, til niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar alls 1.405,5 m.kr. Fjárveitingin skiptist á 5 verkefnaliði en í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er nánar mælt fyrir um úthlutun þessa fjár.


Ákvörðun iðnaðarráðherra um skiptingu á fjármunum til niðurgreiðslna fyrir árið 2014, byggja á tillögum Orkustofnunar sem byggir á fyrirbyggjandi beiðnum dreifiveitna um hækkun gjaldskrár frá 1. janúar 2014

<b>Fjárlagaliður 11-373</b>	<b>2014 Áætlun</b>	<b>2014 Niðurstaða ársins</b>
Fjárheimild skv. fjárlögum 2014	1.405.500.000	1.405.500.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.200.415.156	1.173.297.408
Olíu og heimarafstöðvar niðurgreiðslur	12.000.000	15.020.272
Orkusparnaður allt að 1,5%	21.000.000	21.000.000
Umsjón Orkustofnun	12.000.000	12.000.000
Jarðhitaleit	0	0
Stofnstyrkir (hitaveitur og eingreiðslur til einstaklinga)	160.084.844	184.182.320
Samtals	1.405.500.000	1.405.500.000

Tafla 1: **Áætlun iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2014 og niðurstaða.**

### 2.1. Almennar niðurgreiðslur

Beinar niðurgreiðslur reyndust lægri en ráð var fyrir gert sem gerði það að verkum að hægt var að standa að mestu við skuldbindingar vegna hitaveituvæðingar og bættrar orkunýtingar. Niðurgreiddum GWst fækkar jafnt og bitandi þökk sé lagningu hitaveitu á rafhituðum svæðum sem og aukinni notkun varmadæla sem leiða til minni raforkunotkunar til húshitunar.



Mynd 2: *Þróun niðurgreiddra GWst frá 2005 til ársloka 2014*

Það stefnir allt í að niðurgreiddar GWst verði komnar niður fyrir 300 þúsund á árinu 2017 þegar þær hitaveitur sem nú eru í farvatninu verða komnar í gagnið. Þrátt fyrir það mun heildarupphæð niðurgreiðslna ekki lækka í sama mæli þar sem stefna stjórnvalda er að niðurgreiða dreifingu- og flutning að fullu eigi síðar en um mitt ár 2016.

## 2.2. Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva

Á árinu 2014 voru niðurgreiðslur vegna olíuhitunar og heimarafstöðva 15 m.kr. en áætlunin gerði ráð fyrir 12 m.kr. Það skýrist á því að Orkustofnun varð að greiða einum aðila olíuniðurgreiðslur allt aftur til ársins 2003. Niðurgreiðslur til eigenda heimarafstöðva voru 2,8 m.kr. af þeim 15 m.kr sem fóru í þennan lið.

## 2.3. Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Hitaveita til Skagastrandar er stærsta einstaka verkefnið sem verið var að greiða á árinu 2014 og bendir allt til þess að það takist að greiða þeim að mestu með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru. Önnur stór verkefni tengjast hitaveitu í Skagafirði og á Eyjafjarðarsvæðinu. Þá eru eingreiðslur til einstaklinga með svipuðum hætti og undanfarin ár. Eingreiðslur vegna bættrar orkunýtingar tóku við sér aftur enda búið að breyta lögum þannig að notendur með niðurgreidda húshitun fá virðisaukaskatt af varmadælum endurgreiddan sem hefur virkilega sett kraft í framkvæmdir.

	2014 Eingreiðslur
Eingreiðslur vegna lagningar hitaveitu til Skagastrandar	114.403.463
Eingreiðsla til Orkuveitu Húsarvíkur	2.390.400
Eingreiðsla til Skagafjarðarveitna	21.560.768
Eingreiðsla til Norðurorku/Vesturveita	18.827.689
Eingreiðslur til einstaklinga vegna bættrar orkunýtingar	27.000.000
Samtals	184.182.320

Tafla 2: **Eingreiðslur til hitaveitna og bættrar orkunýtingar.**

## 2.4. Jarðhitaleit á köldum svæðum

Orkustofnun hefur ekki getað mælt með því að leggja fjármuni af fjárlagaliðnum til jarðhitaleitar vegna takmarkaðra fjármuna til annarra verkefna en beinna niðurgreiðslna. Orkustofnun hefur áður nefnt þörfina á því að endurskoða og leggja mat á árangur jarðhitaleitar og hagkvæmni hitaveituvæðingar í dreifbýli.

## 2.5. Orkusparnaðaráttak

Orkustofnun og Orkusetur ásamt sveitastjórn Fljótisdalshrepps fóru sameiginlega í áttak í og hafa verið haldnir íbúafundir og eignir í sveitarfélaginu skoðaðir m.t.t. hvaða endurbóta þurfi að ráðast í samhliða áttaki til bættrar orkunýtingar. Þá hófst vinna í samráði við Byggðastofnun um áttak til orkusparnaðar á þeim svæðum sem skilgreind hafa verið sem „Brotthættar byggðir“ Fyrsta verkefnið snýr að bættri orkunýtingu húsa á Raufarhöfn og er það langt komið.



## 2.6. Rekstur - umsjón og eftirlit með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði

Orkustofnun fékk á árinu 12 m. kr. vegna umsjónar og eftirlits með niðurgreiðslum til húshitunar, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um hækkun. Vert er að minna á að þessi tala hefur verið meira og minna óbreytt frá 2003 þrátt fyrir að vísitala neysluverðs hafi hækkað um 90%. Þetta þýðir í að raunframlag til þessarar starfsemi hefur verið skert um helming síðan 2003.

## 2.7. Niðurstaða ársins 2014

Beinar niðurgreiðslur reyndust lægri en ráð var fyrir gert sem gerði það að verkum að hægt var að standa að við skuldbindingar vegna hitaveituvæðingar og bættrar orkunýtingar og rúmlega það. Væntingar standa til að niðurgreiddar GWst fækki enn frekar á næstu árum en upphæðin í krónum mun hækka svo hægt sé að uppfylla markmið stjórnvalda um fulla niðurgreiðslu á dreifingu- og flutningi á raforku til húshitunar.

## 3. Endurskoðuð áætlun ársins 2015

### 3.1. Almennar niðurgreiðslur

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2015 nam fjárveiting til fjárlagaliðar 11-373, til niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar alls 1.479,5 m.kr. Fjárveitingin skiptist á 5 verkefna liði en í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er nánar mælt fyrir um úthlutun þessa fjár. Í lögnum er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á húshitun og greiðsla kostnaðar af umsjón og eftirliti gangi fyrir, en að heimilt sé að verja allt að 20% heildarfjárveitingar til stofnstyrkja, allt að 5% til jarðhitaleitar og allt að 3% til orkusparnaðaraðgerða.

Ákvörðun iðnaðarráðherra um skiptingu á fjármunum til niðurgreiðslna fyrir árið 2014, byggja á tillögum Orkustofnunar.

<b>Fjárlagaliður 04-583</b>	<b>2015 Áætlun</b>
Fjárheimild skv. fjárlögum 2015	1.479.500.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.273.178.771
Olíu og heimarafstöðvar niðurgreiðslur	15.000.000
Orkusparnaður allt að 2%	29.590.000
Umsjón Orkustofnun	12.000.000
Jarðhitaleit	0
Stofnstyrkir (hitaveitur og eingreiðslur til einstaklinga)	149.731.229
Samtals:	1.479.500.000

Tafla 3 : Fjárveiting til fjárlagaliðar 11-373 og ráðstöfun á árinu 2015.

### 3.2. Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna

Samkvæmt fjárlögum hækkar fjárlagaliður 11-373 um 74 m.kr. milli ára sem gefur svigrúm til hækkunar á niðurgreiðslum sem er í samræmi við niðurstöður í skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar frá því í desember 2011 þar sem lagt er til að í framtíðinni verði dreifing og flutningur á raforku niðurgreiddur að fullu til íbúðareigenda með rafhitun. Með auknum niðurgreiðslum á dreifingu orku í dreifibýli stýttist í að ríkisvaldið geti staðið við loforð um fulla niðurgreiðslu á dreifi- og flutningskostnaði til þeirra sem eru með niðurgreidda rafhitun.

### 3.3. Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum

Nú þegar hefur Orkustofnun greitt til beggja hópa fyrstu þrjá ársfjórðungana og hafa rúmar 9 m.kr farið í liðinn. Þetta er ívið minna en áætlanir gerðu ráð fyrir og skýrist af lækkandi olíuverði. Má því gera ráð fyrir að greiðslur til þessa liðar fari ekki yfir 13 m.kr.

### 3.4. Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Unnið er að lagningu hitaveitu í nokkrum sveitarfélögum í dreifbýli sem eru dýrar í stofnkostnaði og kallar á miklar eingreiðslur þar sem í flestum tilfellum eru notendur með mikla notkun til húshitunar. Einn megin galli niðurgreiðslukerfisins er að niðurgreidd notkun m.v. við hámark í stað þess að miða við íbúðastærð. Þetta leiðir m.a. til þess að verið er að niðurgreiða í einhverjum tilfellum annað en húshitun á meðan aðrir fá ekki nema sem nemur hámarkinu þótt húshitunarkostnaður þeirra sé í raun meiri. Stærstu verkefni sem unnið er að eru á Norðurlandi-vestra í Miðfirði og Hrutafirði sem og í Skagafirði.

Greiðslur vegna þessa verkefna munu dreifast á þetta ár og næsta og í áætlun ársins 2015 er gert ráð fyrir að 150 m.kr fari til þessara verkefna á árinu 2015. Þá er í undirbúningi lagning hitaveitu í Kjósinni sem hugsa þarf fyrir á árinu 2016 og 2017. Þá er enn óuppgert við Norðurorku vegna Vesturveitu II og vegna nokkurra býla hér og þar um Eyjafjörð sem ekki þótti hagkvæmt að leggja til á sínum tíma. Styrkir vegna varmadælna, heimarafstöðva og annarra verkefna sem leiða til bættrar orkunýtingar vex með ári hverju og ekkert nema gott um það að segja.

Stofnstyrkir hitaveitur á árinu 2015 - 2016	Upphæð í kr
Hvammstanga eftirstöðvar ársins 2014	7.000.000
Hitaveita til Skagastrandar eftirstöðvar ársins 2014	50.000.000
Hitaveita Hvammstanga Miðfjörður (áætlun 2015-2016)	54.000.000
Hitaveita Hvammstanga Hrutafjörður (áætlun 2015-2016)	32.000.000
Fljótin (áætlun 2015-2016)	30.000.000
Skagafjörður Sæmundarhlíð	18.000.000
Hvammstangi Alls um 30 til 35 m.kr. 50% til RARIK +tgj.	15.000.000
Eyjafjarðarsveit vegna eldri framkvæmda	25.000.000
Hitaveita Egilsstaða og Fella vegna eldri framkvæmda	10.000.000
Eingreiðslut til einstaklinga v/bættrar orkunýtingar	30.000.000
Samtals til ráðstöfunar	271.000.000

Tafla 4: Áætlaðar eingreiðslur til hitaveitna og bættrar orkunýtingar árið 2015.

### 3.5. Jarðhitaleit á köldum svæðum

Sem fyrr er ekki gert ráð fyrir fjármunum til jarðhitaleitar og ekki í augsýn áætlun í þá veru.

### 3.6. Orkusparnaðaráttak

Til orkusparnadi aðgerða er varið 2% af heildarupphæð niðurgreiðslna og eru verkefni tengd átaki Bygðastofnun, til hjálpar brothættum byggðum, í bígerð. Þegar hefur Orkusetur í samstarfi við Orkustofnun og Bygðastofnun tekið þátt í svona átaki á Raufarhöfn sem gaf góða raun.

### 3.7. Rekstur - umsjón og eftirlit með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði

Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins fær Orkustofnun 12 m.kr. árið 2015 vegna umsjónar og eftirlits með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði. Það er sama og verið hefur á undanförunum árum þrátt fyrir umtalsverða hækkun vísitölu (90%) neysluverðs.

Þessu til viðbótar hefur kostnaðar aukist við umsjón og eftirlit með niðurgreiðslum þar sem dreifiveiturnar geta ekki útvega Orkustofnun þann aðgang sem hún þarf til að einfalda eftirlitið nema í gegnum þriðja aðila sem hýsir gögn dreifiveitnanna og það kostar Orkustofnun verulega peninga.

Sé horft á framlög á föstu verðlagi, er því um umtalsverða niðurskurða að ræða á framlögum til Orkustofnunar vegna umsjónar og eftirlits með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði eða um helming frá 2003. Mikilvægt er að snúa þessari þróun við, þar sem starfsemin mun að öðrum kosti skerðast.

### 3.8. Endurskoðuð áætlun ársins 2015

Fjöldi niðurgreiddra kWst fer stöðugt fækkandi og er mælikvarði á hversu vel hefur tekist til með umsjón og eftirlit. Auk þess hafa framkvæmdir vegna hitaveituv- og varmadæluvæðingar ásamt markvissri herferð til orkusparnaðar skilað þessum árangri.

<b>Fjárlagaliður 04-583</b>	<b>2015 Áætlun</b>	<b>2015 Ný áætlun</b>
Fjárheimild skv. fjárlögum 2015	1.479.500.000	1.479.500.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.273.178.771	1.216.655.200
Olíu og heimarafstöðvar niðurgreiðslur	15.000.000	12.600.000
Orkusparnaður allt að 2%	29.590.000	29.590.000
Umsjón Orkustofnunar	12.000.000	12.000.000
Jarðhitaleit	0	0
Stofnstyrkir (hitaveitur og eingreiðslur til einstaklinga)	149.731.229	208.654.800
Samtals:	1.479.500.000	1.479.500.000

Tafla 5: **Endurreiknuð áætlun ársins 2015**

Mikilvægt er að hægt verði að halda áfram verkefnum sem til lengri tíma litið leiða til lækkunar á fjárþörf til niðurgreiðslna, svo sem styrkir til uppsetningar varmadæla og styrkir til einangrunar húsa. Hitaveitur munu þó sitja fyrir og greiðslur miðaðar við að hitaveitur fái lögboðin framlög. Eftir því sem niðurgreiðslur hækka (kr/kwst) þá hækka eingreiðslurnar margfalt og hafa þarf það í huga við ákvörðun fjárlagaliðarins.

## 4. Frumdrög að áætlun ársins 2016

Gert er ráð fyrir 1.758,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 215 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Hækkunin er í samræmi við lög nr. 66/2015 um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Í lögunum er gert ráð fyrir að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma.

		2016
<b>Fjárlagaliður 04-585</b>		<b>1.758.700.000</b>
<b>• Beinar niðurgreiðslur á húshitun til dreifiveitna</b>		
	Bein rafhitun	1.188.361.172
	Kyntar hitaveitur	309.459.510
• Niðurgreiðslur vegna olíuhitunar og til heimarafstöðvum		19.000.000
• Orkusparnaður allt að 3%		52.761.000
• Umsjón og eftirlit Orkustofnunar		12.000.000
• Jarðhitaleit		87.935.000
• Eingreiðslur til hitaveitna/bættar orkunýtingar		89.183.318
<b>Samtals</b>		<b>1.758.700.000</b>

Tafla 6: Ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2016

Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði spila saman með niðurgreiðslum á dreifingu orku í dreifbýli sem miða að því að raforkuverð í dreifbýli verði aldrei hærra en í dýrasta þéttbýli. Til að fjármagna það er lagt jöfnunargjald á notendur sem á að skila rúmum 900 m.kr á árinu 2016.

### 4.1. Almennar niðurgreiðslur í þéttbýli

Samkvæmt áætlunum Orkustofnunar er gert ráð fyrir að hækka þurfi framlögin vegna þessa þáttar um ríflega 153 m.kr. frá því sem nú er svo að flutningur og dreifing við beina rafhitun verði niðurgreidd að fullu. Hins vegar er gert ráð fyrir að upphæð niðurgreiðslna á vatni frá kyntum hitaveitum skuli ákveðin í fjárlögum í samræmi við breytingar á niðurgreiðslum til beinnar rafhitunar og þeirrar fjárhæðar sem samþykkt er í fjárlögum viðkomandi árs. Hér er um að ræða notendur með fjarvarmaveitu en það er kynt hitaveita með ótryggu rafmagni. Í þessu tilfelli er ekki um beina dreifingu að ræða á raforku heldur felst dreifingin í heitu vatni og hefur fyrirkomulagið því miðast við að niðurgreiða kyntu hitaveiturnar í takt við breytingar á niðurgreiðslum til notenda í fyrrnefndum flokki, það er notenda með beina rafhitun frá dreifiveitum.

### 4.2. Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum

Ekki er búist við breytingum á niðurgreiðslum til ofanskráða þátta á árinu 2016.

### 4.3. Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Með hækkun niðurgreiðslna kr/kWst hækka eingreiðslur og styrkir til vistvænni orkuskosta. Í þáttunum eru áætlanir um hitaveitu í Kjósahreppi auk frekari framkvæmda á Norðurlandi vestra sem og einhver minni verkefni víða um land. Þá er gert ráð fyrir svipaðri upphæð til notenda sem vilja bæta orkunýtingu sína.

Stofnstyrkir hitaveitur á árinu 2016 - 2017	Upphæð í kr
Hitaveita Hvammstanga Miðfjörður (áætlun 2015-2016)	27.000.000
Hitaveita Hvammstanga Hrútafjörður (áætlun 2015-2016)	16.000.000
Fljótin (áætlun 2015-2016)	15.000.000
Hitaveita í Kjósinni (2016 - 2017)	200.000.000
Eingreiðslutil einstaklinga v/bættar orkunýtingar	30.000.000
Samtals til greiðslu 2016 - 2017	288.000.000

Tafla 7: Fjárförf vegna eingreiðslna 2016 - 2017

Orkustofnun hefur mikinn áhuga á að kanna hvort mögulegt sé að leggja hitaveitu um lengri veg og nýta þá lægra hitastig vatns inn á golfhita eða tengja það varmadælu. Í dag eru hitaveitur að takmarka lagningu m.t.t. að halda lágmarks hitastigi til notenda sem er 50°C. Til þess að ná því þarf að dæla meira vatni og um leið að láta renna út í endastöð vatni sem mætti nýta mun betur samkvæmt ofanskráðu.

### 4.4. Jarðhitaleit á köldum svæðum

Ekki frekar en fyrri ár verður varið fjármunum til jarðhitaleitar.

### 4.5. Orkusparnaðaráttak

Heimilt er að leggja allt að 3% af fjárlagaliðnum til orkusparandi aðgerða. Í fyrstu drögum er lagt til að 3% verði nýtt að fullu. Það ræðst hinsvegar á síðari stigum málsins hvort heimildin verði nýtt að fullu og ræðst það fyrst og fremst á þörfinni til beinnar niðurgreiðslu eða eingreiðslna.

### 4.6. Rekstur Orkustofnunar

Sem fyrr er aðeins gert ráð fyrir 12 m.kr vegna umsjónar og eftirlits. Sú upphæð hefur verið óbreytt frá 2003 en vísitala neysluverðs hefur hækkað um 90% á sama tíma, sem þýðir að framlög til þessarar starfsemi hafa verið skert um helming. Þessu til viðbótar hefur kostnaðar aukist við umsjón og eftirlit með niðurgreiðslum þar sem dreifiveiturnar geta ekki útvega Orkustofnun þann aðgang sem hún þarf, til að einfalda eftirlitið nema í gegnum þriðja aðila sem hýsir gögn dreifiveitnanna og það kostar Orkustofnun verulega peninga.

Þá mun dreifbýlisframlagið hækka frá og með 1. apríl 2016 sem hefur áhrif á niðurgreiðslurnar líka. Sé horft á framlög á föstu verðlagi, er því um umtalsverða niðurskurða að ræða á framlögum til Orkustofnunar vegna umsjónar og eftirlits með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði eða um helming frá 2003. Mikilvægt er að snúa þessari þróun við, þar sem starfsemin mun að öðrum kosti skerðast.





